



Alþingi
Erindi nr. P 135/2343
komudagur 25.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Stykkishólmi, 23. apríl 2008
nr. erindis 0802063 ASA

Efni: Umsögn um frumvarp til mannvirkjalaga, 375. mál og skipulagslaga, 374. mál.


Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund mánudaginn 21. apríl sl. þar sem samþykkt var eftirfarandi umsögn um frumvarp til mannvirkjalaga, 375. mál og frumvarp til skipulagslaga, 374. mál:

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar mótmælir harðlega þeim áformum um aukna miðstýringu og skerðingu á sjálfsstjórnarrétti sveitarfélaga sem fram koma í frumvörpum til mannvirkjalaga (375.mál) og skipulagslaga (374.mál) eins og þau eru lögð fram til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis.

Ljóst er að nái frumvörpin fram að ganga óbreytt er verulega vegið að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga í bygginga- og skipulagsmálum. Einnig gera frumvörpin beinlínis ráð fyrir að aukinn skattur og kostnaður verði lagður á sveitarfélög og byggingaraðila sem aðeins getur þýtt hærri byggingakostnað. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar tekur undir athugasemdir og umsögn Samtaka Íslenskra sveitarfélaga frá 8. apríl 2008 varðandi framangreind frumvörp.

Þetta tilkynnis hér með.

Virðingarfyllst,


Þór Örn Jónsson,
bæjarritari.